

Skólaráðsfundur

10. desember 2025 kl. 15:00

Mætt: Adela Marcela Turloiu, kennari, Alma Begic, nemandi, Alma Björk Clausen, kennari, Ari Bent Ómarsson, foreldri, Brajan Pienkowski, nemandi, Guðni Eiríkur Guðmundsson, aðstoðarskólastjóri, Katharina Kotschote, foreldri, Kolbrún Pálsdóttir, foreldri og Margrét Eva Einarisdóttir, þroskaþjálfari. Vilborg Lilja Stefánsdóttir, skólastjóri,

Dagskrá fundarins:

1. Hlutverk og störf ráðsins
2. Til kynningar
3. Um skólastarfið
4. Stefnumarkandi rit
5. Starfsáætlun 2024 - 2025
6. Sjálfsmatsskýrsla 2024-2025
7. Önnur mál

1. Hlutverk skólaráðs

Lilja dreifði bæklingi til meðlima, Handbók um skólaráð - fyrir skólaráð. Kynnir að skólaráð fjalli um öll opinber gögn skólans, ekki einstök mál nemenda. Í ráðinu sitja 3 foreldrar, 2 fulltrúar kennara, 1 fulltrúi starfsfólks, 2 fulltrúar nemenda og 2 skólastjórnendur.

2. Til kynningar

Lilja fór yfir áherslur skólastarfsins;

- ✓ Skólabragur, einkunnarorð skólans í framkvæmd – sjálfstæði, metnaður og samkennd
- ✓ Fylgja vel eftir mætingum – foreldrar upplýstir í lok hvers mánaðar og farið yfir viðbrögð við frávikum í ástundun.
- ✓ Efla enn meir samstarf við heimili
- ✓ Umsjónarkennarar taka samtöl við nemendur og líðan og árangur tvisvar á skólaárinu.
- ✓ Teymisvinna – hvert stig er teymi
- ✓ Halda áfram að vinna með orðaforða – Málstefnan – í öllu starfi skólans á öllum stigum.
- ✓ Áherslur vetrarins eru **Lestur – Samskipti – Líðan.**
- ✓ Margt gott hefur verið gert í vetur varðandi lestur – t.d. hefur lestrarappið Læsir verið tekið í notkun fyrir 1.-7.bekk. Þá er lestur sýnilegur í starfi skólans, t.d. með átaksverkefninu *Allir lesa* – og **Lestrarsprettir / svakalega lestrarkeppnin.**
- ✓ Haldið er áfram að vinna með efni Verkfærakistunnar,
- ✓ Grunnur að árangri nemenda og starfsfólks er góð líðan.

3. Tölfræði skólans

Fjöldi nemenda þetta skólaárið eru 224 nemendur – 69 á Hellissandi, 131 í Ólafsvík og 24 í Lýsudeild (4 í leikskólaseli meðtaldir).

Það eru 65 starfsmenn, þar af 35 í KÍ, 28 í Kili og tveir í ÞÍ

Skipurit skólans kynnt og rætt, það er að finna í starfsáætlun skólans

4. Stefnumarkandi rit

Stefnumarkandi rit skólans, eru

- ✓ Skólanámskrá
- ✓ Starfsáætlun
- ✓ Sjálfsmatsskýrslur
- ✓ Starfsmannahandbók
- ✓ Áætlun um öryggi og heilbrigði í Grunnskóla Snæfellsbæjar

5. Starfsáætlun

Starfsáætlun er endurskoðuð og gefin út á hverju ári. Hún er birt á heimasíðu skólans. Skólanámskrá er uppfærð og gefin út til tveggja ára, nú 2024-2025, er einnig birt á heimasíðu skólans www.gsnb.is

6. Sjálfsmatsskýrsla 2024-2025

Sjálfsmatsskýrsla síðasta skólaárs kynnt en hún byggir á

- ✓ Viðmið um gæði í skólastarfi
 - Stjórnun og fagleg forysta
 - Nám og kennsla
 - Skipulag innramats
- ✓ Niðurstöður lesfímiprófa
- ✓ Niðurstöður íslensku æskulýðsrannsóknarinnar
- ✓ Niðurstöður úr foreldrakönnun
- ✓ Niðurstöður úr starfsmannakönnun
- ✓ Úrbótaáætlun

Niðurstöður og úrbótaáætlun kynnt en skýrsluna er að finna á heimasíðu skólans-
<https://www.gsnb.is/sjalfsmat>

7. Áætlanir og ferlar

Skólastjóri kynnti vefsíður þar sem allir ferlar og áætlanir sem varða skólastarfið eru:

- ✓ Á þessari síðu er að finna helstu áætlanir og ferla sem Grunnskóli Snæfellsbæjar byggir starf sitt á - <https://sites.google.com/gsnbskoli.is/ferlargsnb/home> og síður um heilbrigði, streitu og samskipti
- ✓ Sálfræðiteymi Vinnuverndar hefur hlutverk í viðbragðsteymi skólans - þegar tilkynningar fara fram um mögulegt einelti, kynferðislega áreitni, kynbundið áreitni og ofbeldi á vinnustað - <https://www.vinnuvernd.is/ekko-voktun-tilkynningarsida>
- ✓ Öryggisnefnd skólans er með síðu um sín störf - <https://sites.google.com/gsnbskoli.is/oryggisnefndgsnb/home>

8. Fréttir úr skólastarfinu

Skólastjóri kynnti fréttir úr skólastarfinu það sem af er ári. Ber vitni um fjölbreytt starf.

- ✓ Skólafréttir koma nú rafrænt til heimila auk þess sem heimasíða skólans og facebook síða koma með reglulegar fréttir – og rafrænt mánaðarskipulag er í notkun fyrir starfsfólk.
- ✓ Skólastjóri sagði frá verðlaunum sem nemendur skólans hafa verið að vinna til.
- ✓ Valgreinar á unglingastigi – ný og metnaðarfull uppsetning – þrjár lotur og ein valgreinahelgi.
- ✓ Bókaveisla 10.bekkjar fór fram 26. Nóvember sl.
- ✓ Jólaútvarpið 12.-18.desember, mikil undirbúningsvinna hefur átt sér stað.

9. Matsferill MMS

Nýr matsferill frá MMS er kynntur – metnaðarfullt verkefni sem stendur til að innleiða.

- ✓ Langtímaverkefni – stöðupróf í lesskilningi og stærðfræði, á vegum Miðstöðvar menntunar og skólaþjónustu



- ✓ Stefnt að gerð fleiri stöðuprófa í fleiri greinum,
- ✓ Skylda að leggja prófin fyrir í 4., 6., og 9.bekk (prófin fara fram í mars)
- ✓ Skólastjórnendur hafa lýst yfir vilja til fræðslunefndar og bæjaryfirvalda að leggja fyrir próf í fleiri árgöngum.

10. Önnur mál

- Kolbrún Pálsdóttir, fulltrúi foreldra kom með ábendingu að best væri ef hver árgangur sannmæltist um gerð bekkjarsáttmála á kynningarfundum á hausti ekki hvert stig eins og gert var í haust.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 15:50.

Guðni Eiríkur ritaði fundargerð